

Lög Foreldraráðs Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi sett á aðalfundi félagsins 22. september 2009

1. grein

Félagið heitir Foreldraráð Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Aðsetur þess er á Akranesi.

2. grein

Félagsmenn eru foreldrar og forráðamenn unglunga sem stunda nám við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.

3. grein

Markmið félagsins eru að:

1. Efla samstarf milli foreldra og skólans um málefni sem varða velferð, menntun og þroska nemenda.
2. Vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra og forráðamanna og veita stjórn skólans og starfsliði aðhald.
3. Vera bakhjarl skólans og stuðla að bættum hag hans.
4. Miðla upplýsingum um skólastarf við Fjölbrautaskóla Vesturlands til foreldra og forráðamanna unglunga sem þar stunda nám.

4. grein

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Hann skal haldinn eftir skólaásetningu á hverju hausti, ekki síðar en 15. október. Aðalfundur skal boðað bréflaga eða með auglýsingu í fjölmiðlum. Til hans skal boðað með að minnsta kosti 7 daga fyrirvara og dagskrá. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í atkvæðagreiðslu á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara;
2. Skýrsla stjórnar og endurskoðaðir ársreikningar;
3. Lagabreytingar;
4. Starfsáætlun fyrir næsta ár;
5. Kosning í stjórn félagsins;
6. Kosning tveggja endurskoðenda.

Fundargerð aðalfundar skal send skólameistara Fjölbrautaskóla Vesturlands.

5. grein

Stjórnin gegnir hlutverki foreldraráðs og skal skipuð fimm foreldrum/forráðamönnum nemenda, sem kosnir eru til tveggja ára í senn, tveir stjórnarmenn annað hvert ár og þrír hitt árið. Tveir varamenn skulu kosnir hvert ár. Stjórn skal skipta með sér verkum, þ.m.t. skipa formann. Varamenn skulu hafa setu- og tillögurétt á fundum stjórnar. Stjórnin skal haldra gerðarbók þar sem bókuð eru öll mál sem tekin eru fyrir og allar ákvarðanir stjórnar.

6. grein

Stjórn félagsins er frjálst að taka við styrkjum og beita sér fyrir fjáröflun í þágu félagsins en hún getur ekki innheimt félagsgjöld.

7. grein

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi félagsins. Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn áður en skóli er settur að hausti.

Tillögur um lagabreytingar sem bornar eru upp á aðalfundi skulu kynntar í fundarboði.